

**Nd.**

**351. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

**1. gr.**

Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, sem stofnað hefir verið til vegna áveitu á Flóann, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

**2. gr.**

Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal skyldur til að láta land af hendi við ríkissjóð upp í áveitukostnaðinn, svo framarlega sem hann, að dómi nefndar þeirrar, er um ræðir í 3. gr., getur gert það án þess að rýra ábyli sitt svo, að það geti ekki framfleytt þeirri áhöfn, sem þar er, eða telja verður nauðsynlega til framfærslu meðalfjölskyldu. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sér-

stakar ástæður mæla með og það, að dómi nefndarinnar, kemur ekki í bága við afhendingu annars lands.

3. gr.

Skipuð skal þriggja manna nefnd til að veita móttöku löndum þeim, er um ræðir í 2. gr. Nefndin skal svo skipuð, að atvinnumálaráðherra nefnir einn manninn, stjórn Flóaáveitufélagsins annan, en stjórn Búnaðarfélags Íslands hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Enginn nefndarmanna má vera landeigandi á áveitusvæðinu eða þar búsettur.

Verði ágreiningur í nefndinni, ræður afl atkvæða.

Kostnaður við nefndarstörf greiðist úr rikissjóði.

4. gr.

Nú telur nefndin, að jarðeiganda sé fært að láta land af hendi upp í áveitukostnað, og skal hún þá tilkynna honum það og gefa honum kost á að gæta hagsmuna sinna. Ákveður nefndin síðan, hvar úr landareign hans land skuli tekið. Nefndin hefir frjálsar hendur um, hvort hún vill heldur taka áveituland eða beitoland, en samræma skal hún, eftir því sem við verður komið, að taka það land, sem hentugast er fyrir jarðeiganda að missa og að beztum notum kemur fyrir rikissjóð að fá, með tilliti til stofnunar nýrra býla.

5. gr.

Nú ákveður nefndin, að áveituland skuli tekið, og skal það þá þannig gert, að af hverjum 4 hekturum, sem veitt er á, fær rikissjóður einn. Sé hinsvegar tekið óræktað land, skal á sama hátt taka einn hektara fyrir hverja þrjá hektara áveitulands. Þó er nefndinni heimilt að breyta því hlutfalli, eftir því sem henni þykir ástæða til með tilliti til gæða landsins og legu.

6. gr.

Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal nefndin meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land sem verðmæti mannvirkjanna nemur.

7. gr.

Að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal nefndin taka löndin í samhangandi spildum og með það fyrir augum, að unnt verði síðar að skipta þeim niður í sjálfstæð býli. Skal þess þannig gætt, að bæjarstæði verði hæfilega mörg og að lögum landsins og landkostir verði þannig, að hentugt sé til yrkingar.

8. gr.

Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal nefndinni heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara

úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram sankvæmt landskiptalögum, og ber rikissjóður allan kostnað við þau skipti.

#### 9. gr.

Nefndin getur, ef sérstaklega stendur á, tekið spildu úr landi áveitujarðar í skiptum fyrir land, sem rikissjóður fær upp í áveitukostnað frá öðrum jörðum eða hefir eignast á annan hátt, enda geri skiptin kleift að taka upp í áveitukostnað land, sem rikissjóði kæmi annars ekki að notum, eða sameina landspildur, sem annars yrðu aðskildar.

Skiptin skulu gerð þannig, að hlutaðeigandi jarðeigendur biði ekki tjón við þau.

Að því leyti er landamerki breytast milli jarða, tilkynnir nefndin eigendum breytinguna og annast um, að ný landamerki séu sett í samræmi við skiptin, og breytingin jafnframt tilkynnt til landamerkjaskrár sýslunnar.

#### 10. gr.

Jafnóðum og nefndin hefir lokið útmælingu þeirra landa, er tekin verða upp í áveitukostnað, skal hún sjá um, að sett verði upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Hún annast og um, að uppdráttur sé gerður af þeim löndum, er rikissjóður fær.

#### 11. gr.

Nú telur nefndin, að eiganda áveitujarðar sé eigi fært að láta land, að nokkru eða öllu, upp í áveitukostnað, eða lega jarðarinnar er þannig, að rikissjóði mundi eigi koma að gagni að fá spildu úr landi hennar, eða undanþága er veitt samkv. ákvæðum 2. gr., og skal þá landeigandi greiða af jörðinni áveituskatt í 30 ár, er nemi 80 au. árlega af hverjum hektara lands, sem mælt hefir verið til áveitu. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum sámningshundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar. Gjaldldagi hans skal ákveðinn af atvinnumálaráðherra.

#### 12. gr.

Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguabúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar. Falli á hana áveituskattur samkv. ákvæðum 11. gr., ber leiguliða að standa skil á honum til jarðeiganda.

#### 13. gr.

Þangað til öðruvisi verður ákveðið með lögum, skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út lönd þau, er rikissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara. Ábúendur þeirra jarða, sem löndin eru tekin frá, skulu hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður.

14. gr.

Útmæling landa samkvæmt ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1933. En verði verkinu eigi lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1934.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt að tilmælum atvinnumálaráðherra. Landbúnaðar-nefnd álitur, að breyta þurfi ýmsum ákvæðum frumvarpsins, og áskilur sér því rétt til að bera fram breytingartillögur við 2. umr. málsins hér í deildinni.

Nefndarálit frá nefnd þeirri, er síðasta Alþingi heimilaði að skipa vegna Flóaaáveitunnar, fylgir hér með til skýringar, og einnig eftirfarandi greinargerð:

„Um greinargerð fyrir frv. þessu má að mestu vísa til meðfylgjandi nefndarálits, en um einstakar greinar frv. þykir rétt að taka þetta fram:

Við 1. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Við 2. gr.

Nefndin gerir ráð fyrir, að yfirleitt taki ríkissjóður land upp í áveitukostnaðinn, þar sem því verður við komið án þess að það rýri jarðirnar um of. Hins vegar þykir rétt, að atvinnumálaráðherra geti veitt undanþágu frá þessu, ef ástæða þykir til, er löginn koma til framkvæmda, og komi þá árlegt gjald upp í áveitukostnaðinn í stað landsins.

Við 3. gr.

Framkvæmd landtökunnar er mikið og vandasamt verk og sá, sem það hefir með hendi, verður að fá vald til þess að fella úrskurði, sem einstakir jarðeigendur á áveitusvæðinu verða að hlíta. Þess vegna er talið nauðsynlegt, að skipuð verði nefnd, er hafi þessa framkvæmd á hendi, og virðist eðlilegt, að hvor aðili, áveitufélagið og ríkisstjórnin, nefni mann í hana, en Búnaðarfélag Íslands nefni oddamanninn.

Við 4. gr.

Nefndin þarf að hafa frjálsar hendur um, hvaða land hún tekur, til þess að geta séð um, að ríkissjóður fái land, sem hann getur notfært sér.

Við 5. gr.

Gefur ekki tilefni til skýringar.

Við 6. gr.

Viðast mun haga svo til, að hægt er að taka land, sem lítil eða engin mannvirki hafa verið gerð á, en verði ekki hjá því komizt, er eðlilegast, að þau séu tekin eftir mati.

Við 7. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Við 8—9. gr.

Ákvæði 8. og 9. greinar eru sett til þess, að auðveldara sé við landtökuna að fylgja ákvæðum 7. greinar.

Við 10.—15. gr.

Greinarnar þurfa eigi skýringar við“.

### Fylgiskjal.

#### NEFNDARÁLIT.

Alþingi 1932 samþykkti í 22. gr. fjárlaga svo látandi tillögu:

„Stjórninni er heimilt:

Að skipa 3 menn til að athuga ástand Flóaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til greiðslu á skuldum við rikissjóð vegna áveitunnar og Mjólkurbús Flóamanna. Skal ríkisstjórnin, að fengnu álitum þeirrar nefndar, leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um lausn þessara mála. Sömu menn athugi fjárhagsástæður Mjólkurbús Ölfusinga og sendi stjórninni skýrslu þar um“.

Samkvæmt þessari samþykkt skipaði ríkisstjórnin í þessa nefnd með bréfi, dags. 8. ágúst f. á., þá

Pál Eggert Ólason, fyrrv. bankastjóra, sem form. nefndarinnar,

Jörund Brynjólfsson, Skálholti, og

Stein Steinsen, verkfræðing.

Hinn 3. september gerðist Páll Eggert Ólason skrifstofustjóri í fjármála-ráðuneytinu og lét þá skömmu síðar af störfum í nefndinni sakir annríkis, en í hans stað skipaði ríkisstjórnin í nefndina Pétur Magnússon alþm.

Laust eftir að nefndin var skipuð hittust nefndarmenn í Reykjavík og skiptu með sér verkum til undirbúnings nefndarstarfinu.

Fundarhöld byrjaði nefndin í október, og var Pétur Magnússon kosinn ritari nefndarinnar. Hefir nefndin starfað saman síðan nær óslitið.

Nefndin aflaði sér skýrslu búenda á áveitusvæðinu yfir efnahag þeirra fyrir árið 1931. Búnaðarskýrslur frá 1915—1930, eftir því sem kostur hefir verið á.

Ennfremur hefir nefndin athugað reikninga áveitunnar yfir stofnkostnað hennar og reikninga yfir byggingarkostnað Mjólkurbús Flóamanna og reikninga yfir stofnkostnað Mjólkurbús Ölfusinga ásamt rekstrarreikningum búanna frá byrjun.

Fyrir byggingarkostnaði mjólkurbúanna og rekstri þeirra verður gerð sérstök grein.

Skal þá vikið að áveitumálinu nánar.

Nefndin sér ekki ástæðu til að skrifa langt mál um Flóaáveituna nú eða fara hér að rekja sögu hennar. Um málið hefir áður verið mikið skrifað, og

eru í ýmiskonar prentuðum skýrslum margskonar upplýsingar um það, og eru sumar þeirra frá síðustu árum. Vill nefndin vísa til þeirra rita um þetta efni.

Vafalaust hefir ekkert eins ýtt undir að framkvæma áveitu á Flóann eins og það, hvað grasbrestur var þar tilfinnanlegur og spretta virtist ganga mikið úr sér eftir að Hvítá hætti að renna yfir. Þegar vorveðráttá var þerrisöm og köld, var gróður þar jafnan litill og kyrkingslegur. Þá er veðráttá féll þannig, var mjög miklum erfiðleikum háð að afla heyja í Flóanum. Urðu þau bæði litil og ekki góð. Mikið fóður þarf þar að ætla fénaði sakir þess, hvað beit er þar lítilfjörleg viðast hvar.

Þessi stórkostlegu áraskipti að heyafli og óvissa um nægilegt fóður fyrir búpeninginn varð til þess, að búskapur gat þar ekki tekið þeim framförum, sem annars hefði mátt búast við, ef grasspretta hefði ekki verið eins misbrestasöm.

Þegar úrkomutið var í gróandanum, var jafnan heldur góð spretta í Flóanum. Það var því talið fullvíst, að með því að tryggja nóg vatn á engjarnar, þá myndi jafnan verða sæmileg grasspretta.

Þar, sem Hvítá hljóp yfir, spratt ætið vel, og gerðu menn sér því vonir um, að með því að taka vatn úr Hvítá til áveitu, myndi fást góð og mikil grasspretta og betri og meiri hey en áður, og búskapur á þessu svæði myndi taka miklum og skjófum framförum þegar áveitan væri komin.

Fyrir þessar sakir óx mönnum ekki svo mjög í augum sú fjárhæð, sem talið var að þyrfti til þess að framkvæma áveituna. Almennt hafði verið talið af þeim, er höfðu kynnt sér málið, að áveitan myndi skapa mjög fljótlega meira verðmæti heldur en nemur þeim fjármunum, er þyrfti til að framkvæma verk-ið, ef áveitulandið yrði notað eins og kostur væri.

Málinu var um margra ára skeið haldið vakandi af áhugasömum mönnum, áður en til framkvæmda kom.

Af innanrikislántökunni 1920, 3 millj. kr., hétu Landsbanki Íslands og Íslandsbanki 2 millj. kr. af lánsupphæðinni með því skilyrði, að 1 millj. kr. af láninu gengi til Flóaáveitunnar.

Með þessari ákvörðun bankanna var í raun og veru framkvæmd áveituverksins ráðin.

Þangað til hafði jafnan staðið á peningum til framkvæmda verksins, en nú var sú þraut leyst.

Vorið 1922 var hafin framkvæmd áveitunnar og var lokið 1931.

Hér er birt skýrsla yfir tölu nautgripa og sauðfjár í hreppunum á áveitusvæðinu frá 1915—1930 og skýrsla yfir útheysafli á sama tíma. Má af henni sjá, hverjum breytingum búnaðurinn hefir í þessum efnum tekið á þessu tímabili.

Ennfremur er sýndur til samanburðar útheysafli á jörðum utan áveitunnar í Flóanum á sama tíma.

Frá því fyrst er áveitumálið var ýtarlega rannsakað, hefir mönnum verið það ljóst, að það myndi íbúum áveitusvæðisins ofvaxið, ef þeir ættu að greiða allan áveitukostnaðinn.

Karl Thalbitzer, er fyrstur gerði allýtarlegar mælingar á áveitusvæðinu, áætlaði áveitukostnaðinn kr. 600000. Áætlun hans er gerð 1907.

Í bréfi 20. ágúst 1919 áætlar vegamálastjóri, að aðalskurðakerfi og flóðgáttir Flóaáveitunnar muni kosta 1100000 kr., en flóðgarðar og aukaskurðir 600000 kr.

Nú hefir kostnaðurinn við framkvæmd verksins numið 1430 þús. kr., og eru vextir þar ekki taldir með. Þó að þetta sé að visu miklu hærri upphæð en Thalbitzer áætlaði, þá mun mega telja, að framkvæmd áveituverksins hafi yfirleitt farið vel úr hendi. Frá því er Thalbitzer samdi sína áætlun og til þess tíma, er verkið var framkvæmt, urðu, eins og kunnugt er, stórkostlegar breytingar á öllu verðlagi. Er því ekki tiltökumál, þó að áveitukostnaðurinn yrði miklu meiri en þar var gert ráð fyrir.

Fyrir forgöngumönnum málsins hefir það jafnan vakað frá því fyrsta, að réttmætt væri að framkvæma þetta stórfellda ræktunarfyrirtæki, þó að svo kynni að fara, að það ekki beinlínis borgaði sig fyrir rikissjóðinn á fyrstu árum. Hinn óbeini hagur, sem verkið skapaði, er stundir liðu, og hin miklu auknu skilyrði til fjölgunar býla á áveitusvæðinu og aukinnar framleiðslu meira en réttlættu þá fjármunaeyðslu, sem af framkvæmd verksins leiddi. Hafa ummæli ýmsra merkra manna innan þings og utan hnigið í þessa átt.

Thalbitzer telur, að skilyrðið fyrir því, að þetta verk verði framkvæmt, sé, að fjármunir fáiast með hagfelldum kjörum og að stuðlað verði að því, að fólki fjölgi á áveitusvæðinu til hagnýtingar landinu.

En til þess að fólki fjölgi að marki á áveitusvæðinu, telur Thalbitzer, að óhjákvæmilegt sé að láta því í té land fyrir býli með hagfelldum kjörum. Hann telur og, að ef ríkið sjái fyrir því, að það fólk, er á áveitusvæðið flytur, fái býli með góðum kjörum, þá geti það vænt þess með tíð og tíma að fá áveitukostnaðinn endurgoldinn að fullu, og meira en það. Og til þess að greiða fyrir því, að býlum fjölgi, telur hann hyggilegt, að eigendur jarðanna á áveitusvæðinu greiði áveitukostnaðinn með landi, eftir því sem við verður komið. Með þessu móti fái eigendur áveitujarðanna áveituna án beinna gjalda. Jafnvel telur Thalbitzer, að hugsagt geti, að einstöku áveituhændur fái meira fyrir land, er þeir láta af höndum, en áveitukostnaðinum nemur, og geti þeir þá mjög fljótlega fært sér áveituna í nyt, og muni efnahagur þeirra við það taka miklum framförum.

Fyrir framlag sitt til áveitunnar eignast ríkið með þessu móti miklar lendum, sem það gæti gert sér arðberandi með ýmsu móti, t. d. með sölu til nýrra býla, eða með því að leigja það fólki, er stofnaði býli á landinu. Þannig hefir strax í byrjun við athugun málsins komið sú skoðun fram, að hyggilegt væri, að áveitukostnaðurinn yrði greiddur með landi.

Á Alþingi 1915 var svo hljóðandi þingsályktun samþykkt:

„Alþingi ályktar að skora á stjórnina að:

1. Láta á næsta sumri 3 hæfa menn rannsaka Flóaáveitumálið, og má verja til þess allt að 2500 kr. af landsfé. Menn þessir skulu:
  - a. Leita samninga við jarðeigendur í Flóanum um allt, er til þeirra tekur

viðvikjandi áveitumálinu, sérstaklega hæfilegt endurgjald í landi, ef verk-ið er framkvæmt á landssjóðskostnað.

- b. Athuga og gera áætlun, ef nauðsyn krefst, um það, hversu lögnám á jörð-unum á áveitusvæðinu yrði framkvæmt, hver kostnaður og áhætta flyti af því fyrir landssjóð.
- c. Gera tillögur um það, hversu byggðinni, skiptingu lands, býlastærð og býlafjölda á áveitusvæðinu, túnstæðum og því. yrði bezt og haganlegast komið fyrir.

2. Að undirbúa að öðru leyti áveitumálið fyrir næsta þing.

Eins og sjá má á þingsályktun þessari, hefir það vakað fyrir þinginu, að land yrði tekið upp í áveitukostnaðinn, svo framarlega sem hann yrði af ríkis-sjóði greiddur. Í umræðunum, sem urðu um þessa þingsályktun, kemur það fram hjá helztu talsmönnum málsins í báðum deildum, að þeir hafa mikla trú á fyrirtækinu og ráðgera, að áveitukostnaðurinn verði með landi greiddur.

Nefnd sú, er skipuð var samkvæmt þessari þingsályktun og undirbjó Flóa-áveitulögin, hefir og við því búizt, að áveitukostnaðurinn yrði að meira eða minna leyti greiddur með landi. Og landbúnaðarnefndir beggja deilda Alþingis 1917, er lögin um áveitu á Flóann voru sett, hafa búizt við því, að með landi yrði áveitu-kostnaðurinn greiddur.

Við umræður málsins í þinginu um frv. er þess getið, að þó að svo kunni að fara, að eigendur áveitujarðanna skórti getu til þess að endurgreiða  $\frac{3}{4}$  hluta á-veitukostnaðarins, þá sé hér um svo stórfellt ræktunarmál að ræða, að það tjái ekki annað en að greiða fyrir framgangi þess.

Af meðferð þingsins 1917 á málinu verður ekki annað ráðið en að það hafi verið mjög eindreginn vilji hjá því, að málið gengi fram.

Austanfjalls var almennur áhugi fyrir því, að áveitan yrði framkvæmd, og nægir í því efni að vísa til þess, er opinberlega hefir komið fram í því efni. (Sjá t. d. álit Flóaáveitunefndarinnar 1916 o. fl.).

Fullvist er, að ýmsir jarðeigendur á áveitusvæðinu hafa ætíð hugsað sér að greiða áveitukostnaðinn með landi. Eru það auðvitað fyrst og fremst þeir, er hafa meira áveituland en þeir geta noffært sér, og um þá má segja, að það geri þeim ekkert til, þó að þeir láti eitthvað af áveitulandi sinu upp í áveitukostnaðinn. Nú má telja það nokkurnveginn vist, að meginþorra býlanna sakí ekki, þó að þau skerði nokkuð land sitt til greiðslu á áveitukostnaðinum, sérstaklega ef land-takan er ekki bundin við áveituland, en ekki má þó gleyma því, að allmörg býli eru á þessu svæði, sem ekki eru aflögufær um land, mega alls ekkert áveituland missa, og sum enda ekkert land, þó utan áveitu sé.

Nefndin gerir því tillögur um það, að jafnframt því, sem að sjálfsgöðu á-veituland verði tekið upp í áveitukostnaðinn, þá megi líka taka land utan áveitu, þar sem það hentar aðiljum betur (jarðeiganda og ríkissjóði). Getur það komið sér vel vegna býlastæða og túnræktar og sömuleiðis fyrir þann, er landið lætur af höndum.

Vera má, að sumir telji, að æskilegast hefði verið fyrir ríkissjóð að fá það af áveitukostnaðinum, sem greitt verður, í peningum, en það er einhuga álit

nefndarinnar, að með því móti gæti ekki verið að tala um greiðslu nema á ör-  
litlu broti af áveitukostnaðinum.

Nær undantekningarlítið myndi eigendum jarðanna á áveitusvæðinu ómögu-  
legt að greiða í peningum sem nokkru nemur af áveitukostnaðinum, þegar frá  
eru taldar þær jarðir, sem eru í eigu hins opinbera.

Eftir þeim skýrslum, sem nefndin hefir aflað sér yfir eignir manna og  
skuldir á áveitusvæðinu, þá er efnahagur búenda í Hraungerðis-, Villingaholts-,  
Gaulverjabæjar- og Sandvikurhreppi þannig, að þeir eiga við mikla fjárhagsörð-  
ugleika að stríða, og eru samanlagðar eignir þeirra og skuldir að kalla jafnar,  
þegar tekið er tillit til þess, sem þeim er gert að greiða samkv. frumvarpi nefnd-  
arinnar.

Um Stokkseyrar- og Eyrarbakkahrepp skal þess getið, að áveitan er gerð  
fyrir svo fá býli í þessum hreppunum, að ekki er hægt að bera saman fjárhag íbúa  
þeirra með tilliti til áveitumálsins, eins og í hinum sveitunum. Og um áveitu-  
landið í Eyrarbakkahreppi er það að segja, að Landsbankinn á mikið af því.

Af þessu efnahagsyfirliti hyggjum vér, að ljóst sé, að ekki getur verið um  
annað að ræða en að eigendur áveitujarðanna greiði áveitukostnaðinn með landi.  
Langæskilegast hefði verið, að allir hefðu getað greitt hann á þann hátt, en nokkr-  
ar undantekningar munu þó verða frá því, og fyrir því verður að gera ráð fyrir  
peningagreiðslu að einhverju leyti, og eru ákvæði frv. um þetta efni við það  
miðuð.

Þegar litið er á landverð jarðanna á áveitusvæðinu í hinu nýja fasteigna-  
mati, sést það, að landverð þeirra jarða flestra, er áveituland hafa, er ekki nærri  
eins hátt og áveitukostnaðinum nemur.

Þetta bendir á, að áveitukostnaðurinn, sem er yfir 120 kr. pr. ha., er það  
hár, að þó að land jarðarinnar hefði verið talið verðlaust áður en veitt var á það,  
þá er það, eftir að áveitan kom, ekki talið standa fyrir áveitukostnaðinum, eins  
og líka er rétt.

Það er því bert, að þegar til þess kemur að ákveða, hvað mikinn hluta af  
áveitulandi eigi að taka til að greiða áveitukostnað hvernjarðar, þá verður  
fyrst og fremst á það að líta, hvað jarðirnar yfirleitt mega missa mikið land, án  
þess að land jarðanna verði með því skert um of, og jarðirnar fyrir þær sakir  
ekki sviptar skilyrðum til aukinnar ræktunar og farsæls búskapar.

Landrými jarða á áveitusvæðinu er mjög mismikið, eins og áður er sagt, og  
áveitulandið nokkuð misjafnt að gæðum, en ekki virðist ástæða til að gera mun  
á því hvað greiðslu áveitukostnaðar snertir pr. hektar. Það virðist heppilegast,  
að það sé jafnmikið hvar sem er á áveitusvæðinu. Áveitan breytir landinu svo  
mismunandi, að það, sem nú yrði talið verðlitið áveituland, verður ef til vill tal-  
ið gott eftir nokkur ár, og betra en annað, sem nú er talið gott, en tekur minni  
endurbótum. Hinsvegar er ekki hægt annað en að meta það land, sem tekið er  
utan áveitu, því það getur verið svo afarmisjafnt og breytist ekki eins og áveitu-  
landið.

Nefndin telur sjálfsagt, að þeim mönnum, er veita landinu móttöku, verði  
veittur réttur til ihlutunar um það, að landið, sem rikið fær upp í áveitukostnað-  
inn, verði sem mest samfellt, að hægt er við að koma, og þannig lagað, að sæmi-

leg bæjarstæði og nógu mörg fáist á því á hentugum stöðum, og má gera ráð fyrir því, að til þess að þetta geti orðið, þurfi að færa landamerki stöku jarða lítið eitt úr stað, en gera verður ráð fyrir því, að það verði gert með fullri hagsýni fyrir báða aðilja og á þann hátt, að þeir megi vel við nna.

Komið getur það fyrir, að nauðsyn þyki á því, að ríkið fái land í skiptum frá áveitujörð, sakir skilyrða til stofnunar nýrra býla eða hagnýtingar á landinu. En nefndin býst við, að ekki muni víða þurfa á þessu að halda.

Þegar nú kemur til þess að ákveða, hvað mikinn hluta af áveitulandi ber að láta til greiðslu á áveitukostnaðinum, hefir nefndin orðið ásátt um að leggja til, að með 1 ha. af áveitulandi væri greiddur áveitukostnaðurinn á 3 ha. En þeir, sem greiddu í peningum, greiddu árlega 80 au. fyrir hvern hektar áveitulands í 30 ár.

Er þessi niðurstaða nefndarinnar fengin eftir nákvæma athugun á landstærð jarða á áveitusvæðinum og þörfum ábúendanna og notum þeim, er þeir hafa af áveitunni.

Nefndin telur, að ekki komi til mála að skerða land áveitujarðanna svo með landtökunni upp í áveitukostnaðinn, að þær verði niðargar hverjar sviptar skilyrðum til aukinnar ræktunar og ábúendurnir möguleika til góðrar afkomu í búskap sínum á jörðunum.

Um peningagreiðsluna er það að segja, að hún er að kalla í samræmi við landtökuna, og litlar vonir til að meira greiddist, þó að hærra gjald væri ákveðið.

Nefndin hefir reynt að gera sér grein fyrir, hvað ríkissjóður myndi á þennan hátt eignast mikið land, og býst hún við, að það mundi verða um 2000 ha. Væri það land nægilegt fyrir mörg býli.

Það er sjáanlegt af þessari niðurstöðu, að áveitukostnaðurinn er ekki á beinan hátt ríkissjóði að fullu greiddur. En hverra ráða, sem ríkissjóður leitaði með innheimtu áveitukostnaðarins, myndi hann ekki fá nema nokkurn hluta hans, og óvíst, að hann fengi meira en hér er gert ráð fyrir, þó gengið væri svo hart að, að tryggingar þær, er ríkissjóður hefir, væru teknar honum til handa.

Á þann hátt fengi ríkissjóður ekki nema litinn hluta áveitukostnaðarins greiddan. En auk þess álitum vér, að ekki myndi neinni ríkisstjórn detta í hug að láta íbúa áveitusvæðisins sæta þeirri meðferð, sem af slíkri ráðstöfun leiddi, sérstaklega með tilliti til þess, hvernig þessu máli er háttað frá fyrstu tíð. Vér teljum þá eina lausn þessa máls verjandi, að ekki verði gerðar harðari kröfur um greiðslu á áveitukostnaðinum til eigenda jarðanna en svo, að ábúendurnir geti þeirra hluta vegna tekið framförum í búskap sínum. Mun og vera, er stundir líða, með því móti bezt séð fyrir hagsmunum ríkissjóðsins sjálfs.

Ábúendur áveitujarðanna þurfa líka, áveitunnar vegna, að greiða meiri gjöld heldur en áveitukostnaðinn. Hinn árlegi eftirlits- og viðhaldskostnaður, sem þeir þurfa að greiða, nemur verulegri upphæð. Undanfarin ár hefir verið ákveðið 75 au. pr. ha. áveitulands fyrir eftirlit og viðhald.

Gera má ráð fyrir, að sá kostnaður aukist að mun, eftir því sem fyrirtækið eldist og gengur úr sér. Verða sumar áveitujarðirnar á þennan hátt að greiða hátt gjald. Þá er kostnaður við byggingu flóðgarða og viðhald þeirra, sem er mjög mikill, eða sem svarar kr. 1.50 á ári á hvern ha. áveitulands. Þó þessi gjöld,

hvert út af fyrir sig, kunni að þykja ekki svo ýkjahá, þá nema þau þó til samans mikilli upphæð af mörgum jörðum, og mun mörgum hverjum ábúandanum fullerfitt að standa stráum af þeim, þó ekki séu þau hærri en hér er talið. Enda er þessi niðurstaða nefndarinnar um áveituskattinn fengin eftir eins góða athugun á þessu máli og nefndin hefir frekast haft tök á, og með það eitt fyrir augum, að málalokin yrðu sem farsælust fyrir ríkissjóðinn og íbúa héraðsins.

Nefndin álitur, að gera megi ráð fyrir, að á landi því, er ríkissjóður eignast, verði siðar reist býli. Hinsvegar eru ekki líkur til, að það verði gert nú þegar, og er því ekki ástæða til að gera nú áætlanir um skipulag býlanna, enda telur nefndin það utan við verksvið sitt.

Reykjavík, 7. marz 1933.

Jörundur Brynjólfsson.

Pétur Magnússon.

Steinn Steinsen.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík.